

Menningar- og ferðamálaráð

Ár 2017, mánudaginn 25. september var haldinn 289. fundur menningar- og ferðamálaráðs. Fundurinn var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 13.28. Viðstaddir: Þórgnýr Thoroddsen, Eva Einarisdóttir, Margrét Norðdahl, Aron Leví Beck, Marta Guðjónsdóttir, Björn Gíslason og Þorgerður Agla Magnúsdóttir. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina: Björn Ívar Björnsson. Áheyrnarfulltrúi BÍL: Kolbrún Halldórsdóttir og Jóna Hlíf Halldórsdóttir. Af hálfu starfsmanna: Huld Ingimarsdóttir, Auður Halldórsdóttir og Inga María Leifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025. RMF16080002
Skúli Helgason og Sigrún Sveinbjörnsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
- Kl. 13.54 vikur Björn Gíslason af fundinum.
2. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði um að fá upplýsingar og kynningu á fornleifauppgreftirum í Víkurkirkjugarði sbr. 11. lið fundargerðar menningar- og ferðamálaráðs frá 28. ágúst 2017. RMF17090012 Samþykkt.
3. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði um að málefni Grásleppuskúranna við Ægisíðu verði tekin fyrir sbr. 11. lið fundargerðar menningar- og ferðamálaráðs frá 28. ágúst 2017. RMF17090012 Samþykkt.
4. Fram fer kynning á fyrirhugaðri sýningu Borgarsögusafns um sögu Reykjavíkur í húsnæði að Aðalstræti 10. RMF17090009
Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur og Guðbrandur Benediksson, forstöðumaður Borgarsögusafns, taka sæti á fundinum undir þessum lið.
5. Fram fer kynning á fornleifauppgreftri í Víkurkirkjugarði. RMF17090010
Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur og Guðbrandur Benediksson, forstöðumaður Borgarsögusafns, taka sæti á fundinum undir þessum lið.
6. Fram fer kynning á grásleppuskúrum við Ægisíðu. RMF17080007
Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur og Guðbrandur Benediksson, forstöðumaður Borgarsögusafns, taka sæti á fundinum undir þessum lið.
7. Lögð fram að nýju tillaga Framsóknar og flugvallarvina um nýjan styrktarpott, sbr. 8. lið fundargerðar menningar- og ferðamálaráðs frá 11. september 2017. RMF17090007 Frestað.
8. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks óskar eftir upplýsingum um hvers vegna starfshópur um Grásleppuskúrana hefur ekki verið kallaður saman í meira en rúmt ár. Hefur verið tekin ákvörðun um að leggja starfshópinn niður og ef svo er hvar hefur sú ákvörðun verið tekin fyrir og hvenær?

Fundið slitið kl. 15.22

Þórgnýr Thoroddsen

Eva Einarisdóttir
Aron Leví Beck
Þorgerður Agla Magnúsdóttir

Margrét Norðdahl
Marta Guðjónsdóttir